

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Langanesbyggð Bakkafjörður



<b>Dags eftirlits</b>	20.9.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Helga Hreinsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Langanesbyggð	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Fjarðarvegi 3	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	42369-1749	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Indriði Þóroddsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Urðunarstaðurinn var snyrtilegur. Þrjú frávik voru skráð: Starfsleyfi er útrunnið, urðað magn var umfram heimild í starfsleyfi og sýni hafa ekki verið tekið af mengunarefnum í fráveituvatni.

## UMFANG EFTIRLITS

Gengið var um urðunarstaðinn og rætt um framkvæmd urðunar og eftirlit með henni. Einnig var farið yfir starfsleyfi frá september 2002 og eftirlitsskýrslu seinasta árs. Sérstaklega var rætt um þau ákvæði þar sem frávik voru staðfest.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, gr. 7.1 þar sem m.a. segir „Allur atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, skal hafa gilt starfsleyfi,“	Starfsleyfi er útrunnið. Sveitarfélagið hefur með bréfi dags. 25.7.2012 sótt um undanþágu til Umhverfisstofnunar til að urða áfram á staðnum án starfsleyfis. Beiðni þar um hefur verið hafnað. Með bréfi dags. 21.9. sl. var á ný sótt um undanþágu frá starfsleyfi.
Gr. 1.1 í starfsleyfi þar sem segir: “Starfsleyfi þetta gildir fyrir meðhöndlun allt að 200 tonnum á ári á neyslu- og rekstrarúrgangi á urðunarstað Skeggjastaðahrepps við Bakkafjörð.”	Magn úrgangs á árinu 2011 var 30 tonnum umfram heimild í starfsleyfi
Gr. 4.2 í starfsleyfi kveður á um að árlega skuli kanna hvor mengunarefni berist í umhverfið t.d. í læk sem rennur til norðurs frá svæðinu.	Sýni af sigvatni hafa ekki verið tekin og niðurstöður mælinga hafa ekki borist. Endurtekið hefur verið vakin athygli á þessu m. a. í eftirlitsskýrslu fyrir árið 2011.

## ANNAÐ

A.m.k. þrjár kvartanir hafa borist til Umhverfisstofnunar frá seinustu eftirlitsferð. Kvartendur hafa látið í ljós óskir um að starfseminni verði hætt enda sé magn til urðunar allmikið og umferð vegna flutninga til ama.

Ástæða er til að hvetja forsvarsmenn rekstaraðila til að bæta flokkun úrgangs og uppfæða íbúa um endurvinnslumöguleika.

Teikn á lofti, verkfræðistofa vinnur að skipulagsgerð fyrir svæðið.

Reykjavík, 27.11.2012



---

Helga Hreinsdóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.